

um tæknilegar og viðskiptalegar umbætur í sjávarútveginum.

Flm.: Gísli Jónsson, Magnús Jónsson, Sigurður Ágústsson, Jóhann Jósefsson, Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason, Ingólfur Flygenring.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að athuga, hvaða tæknilegar og viðskiptalegar umbætur væru líklegastar til þess að geta haft skjót og örugg áhrif til bætrar afkomu útgerðarinnar og þeirra fyrirtækja, sem hún hefur meginviðskipti sín við, og á hvern hátt þeim verði sem fyrst og sem bezt komið í framkvæmd, svo að unnt verði að draga úr sívaxandi aðstoð ríkisins við þessa framleiðsluaðila. Ber nefndinni að athuga alla efnahagsafkomu og rekstrarfyrirkomulag þeirra, sem hér eiga hlut að máli og á einn eða annan hátt njóta opinberrar aðstoðar í sambandi við rekstur sinn, og senda ríkisstjórninni fyrir 1. október n.k. skýrslur um niðurstöður sínar og tillögur, sem vænta mætti, að leitt gætu til bætrar afkomu fyrir útveginn.

Nefndin skal leita samvinnu við samtök allra þeirra, sem hér eiga hlut að máli. Henni skal auk þess lúta í té öll sú aðstoð, sem nauðsynleg er, frá þeim opinberum stofnunum, sem leiðbeiningar kynnu að geta gefið hér að lútandi í einstökum atriðum. Nefndinni er og heimilt að ráða til sín sérfræðinga til þess að undirbúa tillögur um einstök framkvæmdaratriði, allt eftir því sem henni þykir ástæða til.

Kostnaður við nefndina greiðist úr ríkissjóði.

#### Greinargerð.

Alþingi hefur orðið að gera í byrjun þessa árs mjög róttækar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir samdrátt í útflutningsframleiðslu landsins, en útflutningsframleiðslan og þau verðmæti, sem fyrir hana fást, er grundvöllur fyrir því, að hegt sé að halda uppi öruggu gengi gjaldmiðilsins í landinu og batnandi lífskjörum þjóðarinnar. Það hefur verið hlutverk sjávarútvegsins um langan aldur að framleiða meginhlutann af útflutningsverðmætum landsins, og svo mun verða enn. Stöðvun útvegsins eða samdráttur í framleiðslu hans er því sama og þrengri lífskjör alls almennings í landinu. Það er því höfuðnauðsyn, að þessi atvinnugrein landsmanna standi jafnan á öruggum fótum. Margvísleg röskun innanlands á atvinnuháttum og efnahag hefur orðið þess valdandi, að sjávarútvegurinn hefur ekki getað veitt þeim, sem við hann starfa, sömu kjör og aðrar atvinnugreinar, nema njóta í vaxandi mæli fjárhagsaðstoðar beint eða óbeint, og með því að ljóst er, að öll afkoma þjóðarinnar veltur á því, að þessi framleiðsla dragist ekki saman, hefur þessi aðstoð verið látn í té í vaxandi mæli. Með því að ljóst er, að framtíð sjávarútvegsins verður ekki tryggð á þann hátt að auka stöðugt þannig til hans opinberan styrk, verður að kryfja til mergjar, hvaða umbætur þyki líklegar til þess að bæta svo rekstrarafkomu útvegsins, að draga mætti úr styrkjum til hans eða fella þá að fullu niður, en að því ber að stefna.

Eins og kunnugt er, verður svo að segja daglega bylting á hinum tæknilegu sviðum, og stefnir allt að því að gera framleiðsluna auðveldari og arðmeiri án þess að rýra kjör þeirra, sem við hana vinna. Það þarf því að rannsaka ýtarlega, hvaða umbætur mætti gera tæknilega á öllum rekstri sjávarútvegsins, sem leitt gætu til betri afkomu.

Á síðari árum hefur sjávarútvegurinn tekið upp miklu viðtækari verkaskiptingu en áður var. Fyrrum var það aðalreglan, að útvegurinn annaðist sjálfur allt það, sem laut að verkun aflans, og enn mun þetta eiga sér stað hjá nokkrum útgerðarmönnum. Hins vegar eru aðrir, sem afhenda aflann til annarra til verkunar, bæði í söltun, herzlu og frýstingu, eða til lýsisvinnslu og mjólgerðar. Athuga þarf gaumgæfilega, hvort útgerðin almennt hefur hag eða óhag af slíkri verkaskiptingu og annarri, sem er í heinu sambandi við reksturinn, og taka síðan upp það skipulag, sem hagkvæmast er fyrir útgerðina. Sama gildir um ýmisleg önnur viðskipti, sem útgerðin hefur í stórum stíl við margvíslega aðila, sem allir verða að taka ákveðinn hluta af afla útgerðarinnar til þess að mæta útgjöldum sínum.

Tillaga sú, sem hér er flutt, lýtur að því, að allt þetta og sérhvað annað, sem varðar hag útgerðarinnar, sé rannsakað og að á niðurstöðum þeirra rannsóknna verði gerðar tillögur til umbóta. Þegar þjóðfélagsins, sem taka á sig þá byrði, sem því er samfara að styrkja einn eða annan atvinnuveg, eiga rétt á því að krefjast þess, að allt sé gert, sem unnt er, til að upplýsa hag þess atvinnuvegar og til þess að þar verði komið við umbótum, sem að gagni megi koma. Þegar það hefur verið reynt til þrautar, verður þjóðin að standa undir þeirri aðstoð, sem nauðsynleg telst til þess að viðhalda útflutningsframleiðslunni og ná jafnvægi í verzlunarviðskiptum við aðrar þjóðir.